

Sþ.

672. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 32. þingi Evrópuráðsins apríl 1980—janúar 1981.

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum, er ekki eiga aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags- og þróunarsamstarf.
6. Félags- og heilbrigðismál.
7. Lögjafarmálefni.
8. Menningar- og menntamál.

9. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
 10. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
 11. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál.
- Viðauki: Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um hlutverk og skipulag þingsins. Í fyrstu grein stofnskrár Evrópuráðsins, sem undirrituð var í Lundúnum 5. maí 1949, segir:

„Markmið Evrópuráðsins er að koma á meiri einingu meðal aðildarríkjanna í þeim tilgangi að tryggja og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og meginmarkmiðum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, og auðvelda efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra.“

Samkvæmt sömu grein ber að leitast við að ná þessu markmiði innan stofnana ráðsins með umræðum um sameiginleg vandamál, með samkomulagi og samstilltum aðgerðum í málum, sem snerta efnahag, félagsmál, menningu, vísindi, lög og stjórn, og með því að viðhalda og efla mannréttindi og mannfrelsi.

Þá kveður fyrsta grein enn fremur á um að aðild að Evrópuráði skuli ekki hafa áhrif á samvinnu aðildarríkjanna í starfi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana eða samtaka sem þau eru aðilar að. Engu að síður fjallar Evrópuráðið um ýmis málefni er fjallað er um hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum og þýðingu hafa fyrir aðildarríki Evrópuráðsins.

Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu í mars 1950 og nú eru aðildarríkin samtals 21 að tölu.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst saman sett af ráðherra-nefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd, sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar svo þessum aðilum. Ekki verður fjallað um störf ráðherra-nefndarinnar í þessari skýrslu, en þau falla undir utanríkisráðherra og utanríkisþjónustuna og er gerð grein fyrir þeim þætti í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing og hét það reyndar áður Ráðgjafarþing Evrópuráðsins. Það er svipað þingum hinna einstöku þjóða að samsetningu og hlýðir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hernaðarmálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherra-nefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 32. þinginu voru:

Guðmundur G. Þórarinnsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Varafulltrúar voru:
Kjartan Jóhannsson.
Pétur Sigurðsson.

Auk þess mætti Ingólfur Guðnason á þinginu í apríl og janúar fyrir Guðmund G. Þórarinnsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Guðmundur G. Þórarinnsson:

Sameinaða nefndin.

Visinda- og tækninefnd.

Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:

Efnahagsnefnd.

Upplýsinganefnd.

Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).

Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).

Fjárhags- og áætlanagernefnd (varamaður).

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:

Fastanefnd.

Stjórnmalanefnd.

Laganefnd (varamaður).

Þingskanagernefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:

Heilbrigðis- og félagsmalanefnd.

Menntamalaneftnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.

Visinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:

Þingskanagernefnd.

Fjárhags- og áætlanagernefnd.

Fastanefnd (varamaður).

Stjórnmalanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

32. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 21.—25. apríl 1980, annar hlutinn 24. september—2. október 1980 og þriðji hlutinn 26.—30. janúar 1981. Þingfundir eru ávallt haldnir í Strasbourg.

Meðal þeirra málefna, sem tekin voru fyrir á apríl-fundinum, var afnám dauðarefsingar. Þingið beindi þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar, að hún léti gera breytingar á mannréttindasáttmála Evrópu í þá veru að dauðarefsing væri afnumin í aðildarríkjum Evrópuráðsins á friðartímum.

Samþykkt var ályktun um ástandið í Mið-Austurlöndum, þar sem byggðastefna Ísraelsmanna á herteknu svæðunum er fordæmd og þar sem viðurkenndur er sjálfsákvörðunarrettur Palestínanna. Fjallað var um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Aðalframkvæmdastjóri UNESCO, M. Amadou-Mahtar M' Bow, gaf skýrslu um starfsemi þeirrar stofnunar. Forsætisráðherra Portúgals, Francisco Sa Carneiro, ávarpaði þingið. Utanríkisráðherra Spánar, M. Marcelino Oreja Aguirre, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Hollenski þingmaðurinn, Henri de Koster, var endurkjörinn forseti þingsins. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var kjörinn einn af varaforsetum þingsins.

Aðalræðan á september-fundinum fjallaði um ástandið í Tyrklandi, en september-fundurinn hófst aðeins 12 dögum eftir valdarán herforingjanna í Ankara.

Aðalframkvæmdastjóri OECD, Emile van Lennep, ávarpaði þingið, svo og forsætisráðherra Frakklands, Raymond Barre, Olof Rydbeck, framkvæmdastjóri UNRWA, og loks utanríkisráðherra Kína, Huang Hua. Utanríkisráðherra Spánar, José Pedro Perez Llorca, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar til þingsins úr hlaði.

Vísindamálaráðherra Austurríkis, Hertha Firnberg, ávarpaði þingið á janúarfundinum. Utanríkisráðherra Svíþjóðar, Ola Ullsten, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum, er ekki eiga aðild að Evrópuráði.

Fjallað var um hin ýmsu alþjóðamál er ofarlega eru á baugi, svo sem öryggis- og samvinnuráðstefnu Evrópu í Madrid, Mið-Austurlönd, Afganistan, ástandið í Tyrklandi, ástandið í Bólivíu og fleira. Þing Evrópuráðsins hefur jafnan litið á sig sem nokkurs konar talsmann þjóðþinga ríkja þeirra í Evrópu, er búa við lýðræði, og telur þar af leiðandi það vera skyldu sína að láta í ljós álit sitt varðandi þá atburði nær eða fjær, sem á einhvern hátt gætu haft áhrif á Evrópu.

31. þingið fjallaði nokkuð ítarlega um málefni Mið-Austurlanda og umfjöllunin á 32. þinginu var nokkurs konar framhald af þeirri umræðu. Fyrir aprílfundinum lá skýrsla stjórnmalanefndarinnar, sem Jacques Baumel, franskur þingmaður Gaullista, hafði tekið saman. Í skýrslunni var lútin í ljós von um að Evrópa léti málefni Mið-Austurlanda til sín taka á árinu 1980, bæði vegna þess að Sovétríkin njóti ekki þess trausts, sem þau nutu áður í Arabalöndum, vegna innrásarinnar í Afganistan, og að Bandaríkin hafi mörgu öðru að sinna vegna forsetakosninganna þar í landi. Í umræðunum um Mið-Austurlönd skiptust fulltrúar nokkuð í tvo hópa að því er Camp-David-samkomulagið varðaði, þ. e. þá, sem vildu að Camp-David-samningnum yrði gefinn meiri gaumur, hins vegar þá, er töldu samkomulagið ekki ganga nógu langt í þá átt að tryggja Palestínunönnum réttindi sem þjóð. Eftir langar umræður og mikið þóf var samþykkt ályktun þar sem m. a. var lútin í ljós ánægja með aðgerðir Ísraelsmanna og Egypta innan Camp-David-rammans í því skyni að reyna að leysa hina 30 ára gömlu deilu milli þessara tveggja ríkja. Er jafnframt ítrekað að ýmsar ríkisstjórnir í löndum Evrópu muni ekki í bráð viðurkenna PLO sem réttmæta fulltrúa Palestínumanna á meðan PLO-samtökin viðurkenni ekki Ísrael og láti af valdþeilingu. En sérstök áhersla var lögð á, að búsetustefna Ísraelsmanna á herteknu svæðunum væri fordæmanleg, og skorað á ríkisstjórnir í Evrópuráðsríkjum að samræma aðgerðir sínar hjá Sameinuðu þjóðunum með það fyrir augum að endurskoða ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 242, sem einskorði vandamál Palestínubúa um of við vandamál flóttafólks.

Apríl-fundurinn varði miklum tíma í að fjalla um öryggi og samvinnu í Evrópu, en umræður um þau málefni tengdust smám saman málefnum Afganistans og einkum þó ástandi flóttamanna frá Afganistan. Samþykkt var ályktun þar sem skorað var á aðildarríki Evrópuráðsins að aðstoða flóttamenn frá Afganistan í samvinnu við þær alþjóðastofnanir er láta slíka aðstoð til sín taka. Þá var lýst ánægju yfir því, að öryggis- og samvinnuráðstefna í Madrid verði haldin, þrátt fyrir aukna spennu í alþjóðamálum. Er í því sambandi sérstaklega vísað til ástandsins í Afganistan og meðferðar Austur-Evrópuríkja á þeim aðilum sem hafa viljað minna á að ákvæðum Helsinki-lokasamþykktarinnar verði framfylgt.

Á september-fundinum var fjallað um Madrid-ráðstefnuna. en hún var þá nýhafin. Þingið samþykkti ályktun þar sem lýst er áhyggjum yfir því, að mannréttindaákvæði Helsinki-samþykktarinnar eru ekki í heiðri höfð í kommúnistaríkjunum í Austur-Evrópu, - þetta brjóti jafnframt í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna.

September-fundurinn fjallaði ítarlega um ástandið í Tyrklandi, en herforingjastjórnin var þá nýbúin að taka völdin þar í landi. Fulltrúar tyrkneska þingsins, sem þá var nýbúið að leysa upp, tóku þátt í þessum fundi. Af 12 fulltrúum Tyrkja á þinginu mættu þó aðeins 4, en þingið hafði samþykkt kjörbréf þessara fjögurra þingmanna. Þeirri spurningu var varpað fram, hvort þingið hefði staðið rétt að þessum málum með samþykkt umræddra fjögurra kjörbréfa og af hverju hefðu aðeins fjórir þingmenn mætt, en ekki tólf. Samþykkt var ályktun þar sem vísað er í stofnskrá Evrópuráðsins, þar sem rakin eru skilyrði fyrir því, að ríki geti talist aðili að Evrópuráðinu. Skorað var á ríkisstjórn Tyrklands að virða mannréttindasáttmála Evrópu og láta tafarlaust lausa þá tyrknesku stjórnámálamenn sem höfðu ekki brotið af sér fyrir valdaránið 12. september s. l. Enn fremur var skorað á tyrknesku stjórnina að hefja tafarlaugar aðgerðir er miði að því, að lýðræði komist aftur á fót í Tyrklandi. Minnt var á að kjörbréf tyrknesku fulltrúanna renni út 11. maí 1981 og að ekki verði um þátttöku Tyrkja að ræða í þingi Evrópuráðsins ef kosningar hafi ekki farið fram í landinu fyrir þann tíma.

Á janúar-fundinum var lögð fram skýrsla austurríska fulltrúans Ludwigs Steiner um ástandið í Tyrklandi, en Steiner hafði ásamt spánska þingmanninum Yanez-Barnuevo farið í kynnisferð til Tyrklands. Allmiklar umræður urðu um skýrslu þessa, einkum vegna þess að í skýrslunni er að nokkru leyti lýst yfir skilningi á þeim aðgerðum sem grípa varð til til að binda endi á ófremdarástand í landinu sem skapast hafði af síankinni hryðjuverkastarfsemi. Ítrekuð var fyrir afstaða og lögð áhersla á að mannréttindi væru ekki í heiðri höfð í Tyrklandi.

Á september-fundinum var fjallað um öryggismálaráðstefnu Evrópu í Madrid og inn í þær umræður fléttuðust umræður um ástandið í Bólivíu og brot á mannréttindum sem þar eru viðhöfð. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á herforingjastjórnina í Bólivíu að hætta þegar í stað þeirri hryðjuverkastarfsemi er beinist gegn almennum borgurum.

Fyrir september-fundinum lá skýrsla frá Robert E. Krieps, þingmanni frá Luxembourg, sem stjórnmalanefndinni hafði verið falið að gera og fjallar um nauðsyn þess að hamla gegn nýfasistískum áróðri sem ber svip af kynþáttahatri. Í skýrslunni er vitnað til þess, að börn hafi orðið fyrir aðkasti vegna kynþáttar síns í borgunum Antwerpen, Hamborg og Marseille, og vitnað er til atburðanna í Bologna og München ásamt valdbeitingu gegn gyðingum í Frakklandi. Samþykkt var ályktun sem fordæmir hinar ýmsu tegundir nýfasisma og nýnasisma og skorar á ríkisstjórnirnar að samþykkja lög, er takmarki enn frekar möguleikana á því að slíkum hreyfingum líðist að vaða uppi.

September-fundurinn fjallaði um brot gegn mannréttindum í Sovétríkjunum og öðrum ríkjum Austur-Evrópu. Samþykkt var ályktun þar sem m. a. kemur fram að þær viðhárur Sovétmanna, að ekki beri að hnýsast í innri málefni ríkja þegar fjallað er um mannréttindi, séu haldlitar. Þingið lýsti jafnframt ánægju sinni yfir því sem pólskir verkamenn hafa áorkað. Lýst var yfir stuðningi v'ð réttmætar kröfur pólskra verkamanna um að fá að skipuleggja frjáls og óháð verkalýðsfélög.

Þingið fjallaði um meðferð gyðinga í Sovétríkjunum og samþykkti ályktun þar sem skorað er á Sovétríkin að flýta afgreiðslu vegabréfaáritana og leyfa þeim, er hafa verið fangelsaðir fyrir þá einu sök að vilja flytjast frá Sovétríkjunum, að yfirgefa Sovétríkin og fá að sameinast fjölskyldum sínum.

Samþykkt var ályktun þar sem lýst var áhyggjum vegna aukinnar spennu í allþjóðamálum með tilliti til Evrópu. Er þar víða komið við, og m. a. er minnst á samskipti austurs og vesturs, öryggisráðstefnuna í Madrid, ástandið og þróun mála í Póllandi, Mið-Austurlöndum og stríðið milli Írans og Íraks. Jafnframt er komið inn á ástandið í Tyrklandi og ástandið í Afganistan.

5. Efnahags- og þróunarsamstarf.

Fjallað var allitarlega um þriðja þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna, en fyrir apríl-fund num lá skýrsla frá Wolfgang Blenk, austurrískum þingmanni, um þau mál. Samþykkt var ályktun þar sem skorað var á ríkisstjórnir Evrópuráðsríkjanna að grandskoða grundvallarþarfir fólksins í ríkjum þriðja heimsins í sambandi við alþjóðlega áætlun um þriðja þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna.

Að tilhlutan efnahagsnefndarinnar var samþykkt ályktun um breytingar á gullverði.

Í tillögu til ráðherranefndarinnar er fjallað um framtíð litilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu, skattastefnu gagnvart slíkum fyrirtækjum og skorað á ríkisstjórnirnar að grípa til efnahagslegra og félagslegra aðgerða er tryggja atvinnu við þessi fyrirtæki.

Þingið samþykkti ályktun, sem er mjög umfangsmikil og fjallar um hina ýmsu starfsemi Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Þá samþykkti þingið mjög umfangsmikla tillögu, þar sem því er beint til ráðherranefndarinnar, að hún athugi mjög gaungæfilega samstarf Norður- og Suður-Evrópuríkja með það fyrir augum að auka efnahags- og tækniástoð við Suður-Evrópu.

6. Félags- og heilbrigðismál.

Fyrir apríl-fundinum lá skýrsla frá franska þingmanninum Maurice Brugnon um fátækt í Evrópu. Skýrslan fjallaði m. a. um þá ástoð sem fyrir hendi er þeim til handa sem eru líkamlega og andlega einangraðir frá samfélaginu. Í skýrslunni kemur fram, að eðlilega eigi Evrópuríkin að leggja sitt af mörkum til að draga úr fátækt í ríkjum þriðja heimsins, en jafnframt beri þeim að líta í eigin barm og gleyma ekki erfiðleikum þegna eigin ríkja.

Í tillögu til ráðherranefndarinnar var kveðið á um frekari samræmingu milli aðgerða ríkis annars vegar og bæjar- og sveitarstjórna hins vegar með það fyrir augum að draga úr fátækt. Þingið lét frá sér fara álit um viss framkvæmdatriði varðandi félagsmálasáttmála Evrópu. Samþykkt var tillaga sem fjallar um sjálfbóðal ásararf í þróunarríkjunum. Í tillögunni kemur fram að auka þurfi samráð opinberra aðila og þeirra stofnana er sjá um sjálfbóðaliðastarf. Athyglisvert er að þeim tilmælum er beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna, að þær athugi möguleikana á að þeir sjálfbóðaliðar, er snúa til heimkynna sinna að starfi loknu, eigi hægt með að aðlagast sínu fyrra umhverfi á ný.

Fyrir janúar-fundinum lá skýrsla austurríska þingmannsins Marga Hibinek um félagslegt ástand fanga. Skýrslan fjallar m. a. um kvenfanga og börn þeirra, endurhæfingu, styttri afplánunartíma, fjölskyldubönd og heimsóknir, störf, almanna-tryggingar og eftirlaun. Eftir ítarlega umfjöllun skýrslunnar var samþykkt umfangsmikil tillaga um þessi efni til ráðherranefndarinnar.

7. Löggjafarmálefni.

Eitt merkasta málið, sem 32. þingið fjallaði um, var afnám dauðarefsingar, svo sem áður er vík'ð að. Reyndar hefur Evrópuráðið fjallað um þetta mál allt frá árinu 1973, er norrænir þingfulltrúar tóku það upp. Fyrir apríl-fundinum lá að tilhlutan laganefndarinnar skýrsla um afnám dauðarefsingar. Samþykkt var ályktun þar sem því er lýst yfir, að dauðarefsing væri ómannúðleg. Er skorað á þjóðþing þeirra aðildarríkja, er enn framkvæma dauðarefsingu á friðartímum, að afnema hana. Þá samþykkti þingið tillögu þar sem því er beint til ráðherranefndarinnar að mannréttinda-sáttmála Evrópu verði breytt til samræmis við framkomna ályktun.

Samþykkt var tillaga um alþjóðleg vörumerki. Er þar skorað á þau ríki, er ekki hafa enn gerst aðilar að Madrid-samkomulaginu frá 14. apríl 1891, um skráningu alþjóðlegra vörumerkja, að gera það.

Á janúar-fundinum var samþykkt tillaga þar sem mælt er til þess, að aðildarríki ráðsins hraði g'ldistöku sáttmála þess sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna er að vinna að og fjallar um pyndingar. Fram kom að hafðar eru í frammi pyndingar í ákveðnum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Samþykkt var ályktun þar sem lútin var í ljós von um að Efnahagsbandalag Evrópu gerðist fljótlega aðili að mannréttindasáttmála Evrópu.

Á janúar-fundinum var dr. Gaukur Jörundsson prófessor endurkjörinn fulltrúi Íslands í mannréttindanefnd Evrópu og var það kjör síðar staðfest af ráðherra-nefndinni.

8. Menningar- og menntamál.

Samþykkt var tillaga um samstarf Evrópuráðsins við UNESCO.

Þingið lét til sín taka framtíð Ólympíuleikana með skírskotun til þess, að ýmis ríki höfðu ákveðið að taka ekki þátt í Ólympíuleikunum í Moskvu vegna innrásar Sovétmanna í Afganistan. Fyrir september-fundinum lá skýrsla sem franskur þingmaðurinn Maurice Brugnon hafði gert um Ólympíuleikana. Þingið samþykkti ályktun og tillögu um framtíð Ólympíuleikana þar sem mælt er með því, að þeir flytjist til Ólympíu í Grikklandi.

Samþykkt var tillaga um samstarf æskufólks í Evrópu.

Einnig var samþykkt tillaga er gerir ráð fyrir auknum samskiptum skóla og skólafólks í Evrópu. Þá var samþykkt tillaga um minnismerki.

9. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.

September-fundurinn afgreiddi tillögu um flugumsjón, þar sem lögð var áhersla á þátttöku sem flestra ríkja Evrópu í „Euro-Control“. Fyrir þinginu lá skýrsla norska þingmannsins Lars Roar Langsleht um sjónvarp um gervihnetti þar sem hann gerði grein fyrir þeim áætlunum sem unnið er að á þessu sviði, þ. á m. ESA- og NORDSAT-áætlunum. Í tillögu þar að lútandi er lýst yfir vonbrigðum með það, að Frakkland og Sambandslýðveldið Þýskaland fari eigin leiðir í þessum málum þannig að ekki verði um það að ræða að samræma þessar áætlanir eins og æskilegt hefði verið.

Samþykkt var ályktun þar sem mælt var til þess, að notkun á gasefninu FREON yrði takmörkuð og sett undir eftirlit, en efni þetta hefur áhrif á Ozon-lögin í andrúmsloftinu.

Samþykktar voru þrjár umfangsmiklar tillögur um umhverfisverndarmál: um stefnu í umhverfismálum Evrópu, um afleiðingar af stofnun stórra iðnfyrirtækja og um starfsemi kjarnorkumálastofnunar OECD. Þar að auki voru samþykkt fyrir-mæli varðandi stefnu í umhverfisverndarmálum Evrópu.

10. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Svo sem áður greinir samþykkti apríl-fundurinn ályktun um ástandið í Mið-Austurlöndum.

Samþykkt var tillaga þar sem skorað var á ráðherranefndina að hvetja ríkisstjórnir sínar til að auka reglubundin framlög til hjálparstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn, UNRWA.

Eflir miklar og heiðar umræður samþykkti þingið tillögu til ráðherranefndarinnar er kveður á um rétt erlendra ríkisborgara til að vera kjörgengir og mega taka þátt í kosningum við borgar- og sveitarstjórnarkosningar.

Með hliðsjón af því, að Sambandslýðveldið Þýskaland og Frakkland höfðu komið á vegabréfaáritanaskyldu fyrir tyrkneska ríkisborgara, var samþykkt tillaga þar sem skorað var á ráðherranefndina að hafa áhrif á þau ríki, sem komið hafa á slíkri skyldu, að fella hana umsvifalaust úr gildi og jafnframt að sjá til þess, að önnur ríki komi henni ekki á.

11. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál.

Þingið samþykkti ályktun um matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna. Þá var samþykkt ályktun um að kölluð verði á ný saman heimsráðstefna um endurskipulag á sv.ði landbúnaðar og þróun til sveita. Enn fremur var samþykkt ályktun um landbúnað og orkumál.

Á janúar-fundinum var fjallað um fiskveiðimál. Af því tilefni var Steingrími Hermanóssyni sjávarútvegsráðherra boðið að ávarpa þingið. Flutti hann ræðu um fiskveiðimál þegar skýrsla um framtíð fiskveiða í Evrópu var til umræðu. Hann svaraði og fyrirspurnum og var gerður góður rómur að máli hans. Í þessum umræðum tóku þátt allir þingfulltrúar Íslands, þannig að þar gætti mjög íslenskra viðhorfa og sjónarmiða.

Þingið samþykkti tillögu þar sem skorað er á ráðherranefndina að stuðla að mótun hagnýtrar fiskveiði- og fiskverndunarstefnu. Jafnframt er kveðið á um aðgerðir til að hamla á móti mengun úthafa og vatna og aðgerðir til aukinna rannsókna. Þá leggur þingið áherslu á betri samræmingu á stefnu Efnahagsbandalagsríkjanna í fiskveiðimálum og þeirra ríkja í Evrópuráðinu sem ekki eru aðilar að Efnahagsbandalaginu.

Yfirlit yfir ákvarðanir 32. þings Evrópuráðsins (apríl 1980—janúar 1981).

Tillögur.

- 891 um afnám dauðarefsingar og mannréttindasáttmála Evrópu.
- 892 um samvinnu við UNESCO.
- 893 um fátækt í Evrópu.
- 894 um sjálfboðaliðastarf í þróunarríkjunum.
- 895 um framtíð lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu.
- 896 um sjónvarp um gervihnetti.
- 897 um skóla og nemendaskipti.
- 898 um minnismerki.
- 899 um alþjóðalöggjöf um vörumerki.
- 900 um framtíð Ólympíuleikanna.
- 901 um Palestínuflóttamenn og UNRWA.
- 902 um æskulýðssamstarf í Evrópu.
- 903 um kosningarrétt innflytjenda í borgar- og sveitarstjórnarkosningum.
- 904 um ástandið í Tyrklandi.
- 905 um samstarf Norður- og Suður-Evrópuríkja.
- 906 um vegabréfsáritanir fyrir tyrkneska ríkisborgara.
- 907 um starfsemi flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).
- 908 um pólitíska flóttamenn í Argentínu sem hafa fengið brottfararleyfi.
- 909 um alþjóðasamning gegn pyndingum.
- 910 um stefnu í umhverfismálum í Evrópu.
- 911 um áhrif stórra iðnfyrirtækja.
- 912 um starfsemi Kjarnorkumálastofnunar OECD.
- 913 um framtíð fiskveiða í Evrópu.
- 914 um félagslegt ástand fanga.
- 915 um ástand erlends farandverkafólks í gistiríkjum.
- 916 um hryðjuverk.
- 917 um hljómlistarár Evrópu 1985.
- 918 um stöðu ritara þings Evrópuráðsins.

Ályktanir.

- 726 um tilhögun 3. þróunaráratugs Sameinuðu þjóðanna.
- 727 um afnám dauðarefsingar.
- 728 um ástandið í Mið-Austurlöndum.
- 729 um flóttamenn frá Afganistan.
- 730 um tjáningar- og trúfrelsi í ríkjum Austur-Evrópu.
- 731 um áhrifin af breytingum á gullverði.
- 732 um öryggi og samvinnu í Evrópu.
- 733 um bann við notkun á efninu FREON.
- 734 um skyldur þings Evrópuráðsins gagnvart þjóðþingum aðildarríkjanna.
- 735 um matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna.
- 736 um alþjóðaráðstefnu um endurskipulag landbúnaðar og þróun í byggðum til sveita.
- 737 um starfsemi OECD.
- 738 um framtíð Ólympíuleikanna.
- 739 um mannréttindi í Sovétríkjunum og fundafrelsi í ríkjum Austur-Evrópu.
- 740 um gyðinga í Sovétríkjunum.
- 741 um flugumsjón.
- 742 um ástandið í Bólivíu.
- 743 um baráttu gegn áróðri nýfasista.
- 744 um landbúnaðar- og orkumál.
- 745 um aðild Efnahagsbandalagsins að mannréttindasáttmála Evrópuráðsins.
- 746 um aukna spennu í heiminum með tilliti til Evrópu.

Fyrirmæli.

- 391 um félagsleg og efnahagsleg áhrif af tækniþróun.
- 392 um fulltrúa Tyrklands á þingi Evrópuráðsins.
- 393 um pólitíska fanga í Argentínu sem hafa fengið brottfararleyfi.
- 394 um stefnu í umhverfismálum í Evrópu.
- 395 um ástandið í Tyrklandi.
- 396 um hryðjuverk.

Álitsgerðir.

- 99 um aðra starfsáætlun Evrópuráðsins.
- 100 um fjárlög þings Evrópuráðsins fyrir árið 1981.
- 101 um spurningaskrána er þjónar því hlutverki að fylgjast með því, að reglur félagsmálasamnings Evrópuráðsins séu haldnar.
- 102 um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1978, 1980 og 1981.
- 103 um fjárlög þings Evrópuráðsins fyrir árið 1980.
- 104 um 15. ráðstefnu svæðastofnana í Evrópu.